# ÁVARP

Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
haldið á Hvammstanga 20. október 2017

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

# Samskipti við nýtt Alþingi

- Bréf verður sent öllum þingmönnum
  - Sambandið er lögformlegur samskiptaaðili við ríki og Alþingi um málefni er varða sveitarstjórnarstigið
  - Sambandið, f.h. sveitarfélaga, ekki almennur hagsmunaaðili
  - Mikilvægt að styrkja tengsl og rækta góð samskipti ríkis og sveitarfélaga
  - Helstu áherslur skv. stefnumörkun
  - Stefnumörkun sambandsins verði að hluta í stjórnarsáttmála
  - Þingmenn hafi hliðsjón af stefnumörkun sambandsins í störfum sínum





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Helstu áherslur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
í samskiptum þess við
Alþingi og ríkisstjórn

*Grundvallarþættir*

- Sterk staða sveitarstjórnarstigsins er ein meginstoð velferðar íbúanna.
- Sveitarstjórnarstigið á að vera hornsteinn lýðræðis og mannréttinda.
- Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða.

*Lýðræðislegt hlutverk og staða sveitarfélaga í stjórnarskrá*

- Leita þarf leiða til þess að auka áhuga fólks á pólitísku starfi og hvernig auka megi kjörsókn í almennum kosningum á Íslandi.
- Hvatt er til umræðu um kosti þess og galla að taka upp aukið persónukjör í almennum kosningum.
- Stjórnskipuleg staða sveitarstjórnarstigsins verði efld við endurskoðun stjórnarskrárinnar, með hliðsjón af tillögum sem sambandið hefur sent stjórnarskrárnefnd.

*Tekjur og efnahagssamráð*

- Halda þarf áfram samstarfi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.
- Breikka þarf og styrkja tekjustofna sveitarfélaga.
- Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölþættir svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir.
- Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.

# Árangur í hagsmunagæslu




- Ríkið tók á sig **24 ma.kr.** halla sem sveitarfélögin báru ábyrgð á í A-deild LSR
- Sveitarfélögin bera áfram ábyrgð á 38,3 ma.kr. halla vegna A-deildar Brúar
- Bókhalds- og fjármálareglum breytt
  - Áfallin skuldbinding um 9,6 ma.kr. gjaldfærð á árinu 2017
  - Eftirstöðvar vegna framtíðarskuldbindinga og tryggingasjóðs um 28,7 ma.kr. greiddar með skuldabréfum til 20-30 ára sem eignfærast og afskrifast á þeim tíma með gjaldfærslum
  - Eftirstöðvar hafa ekki áhrif vegna útreiknings á skuldahlutfalli fjármálareglna
- Ríkið tekur á sig um **4,0 ma.kr.** lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila sveitarfélaga í B-deildum LSR og Brúar
- Árleg hækkun daggjalda til hjúkrunarheimila nemur **1,5 ma.kr.**
- **Um 60-80 umsagnir á ári um lagafrumvörp og reglugerðardrög til að verja hagsmuni sveitarfélaga**

# Afkoma A-hluta sveitarsjóða 2002-2016

## Hlutfall af tekjum






**Samningur við ráðgjafarfyrirtækið Analytica um mat á fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga**

# Nýjar kröfur - persónuverndarlöggjöf

Ný persónuverndarlöggjöf ESB hefur ekki enn verið innleidd á Íslandi en felur í sér miklar breytingar. Leiðbeiningar á heimasíðu sambandsins um helstu áhrif, sem verða uppfærðar þegar innleiðingu vindur fram

- Sveitarfélög greini strax hvaða persónuupplýsingum þau safna og kanni hvort meðferð þeirra uppfyllir gildandi lög
- Sveitarfélög hugi að skipun persónuverndarfulltrúa (samvinna svfél. möguleg)
- Sveitarfélög setji verklagsreglur og stefnu um meðferð og varðveislu persónuupplýsinga
- Eftirlit verður hert og sektir geta orðið háar fyrir brot gegn lögunum
  - ➢ Sveitarfélögin þurfa því að hafa sín mál í góðu lagi!
- Sambandið mun standa fyrir málþingum/námskeiðum um málið þegar línur skýrast



**Telma Halldórsdóttir**, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins

# Nýjar kröfur - innkaupareglur

- Breyting 1. maí 2019: Innkaup sveitarfélaga og aðila á þeirra vegum yfir innlendum viðmiðunarfjárhæðum færast undir úrskurðarvald kærunefndar
- Aukin útboðsskylda sveitarfélaga og fleiri samningar munu falla undir stöðvunarheimildir kærunefndar
- Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra:
  - Verksamningar yfir 49,0 m.kr. án vsk
  - Vörusamningar yfir 15,5 m.kr. án vsk
  - Samningar um þjónustu yfir 15,5 m.kr. án vsk (gildir ekki um félagsþjónustu)
  - Lagaskylda að tilkynna fyrirhugaða samningsgerð um félagsþjónustu ef samningsfjárhæð er meiri en 115,6 m.kr.
- Afleiðingar ef reglur eru brotnar:
  - Ákvörðun opinbers aðila felld úr gildi eða samningur lýstur óvirkur
  - Stjórnvaldssektir (vegna innkaupa yfir EES-fjárhæðum)
  - Álit sett fram um skaðabótaskyldu opinbers aðila
  - Dagsektir í framhaldi af úrskurðum



# Kjaramál

## Greining á framkvæmd breytinga á vinnuumhverfi grunnskólakennara



### Markmið bókunar með kjarasamningi

- Bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt við kennara um starfsumhverfið
- Tryggja að kennsla og undirbúningur hennar séu forgangsverkefni í skólastarfi
- Létta álagi af kennurum þar sem við á

**Framkvæmd:**

Hverju sveitarfélagi var falið að greina ítarlega breytingar á starfsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningi árið 2014, s.s. vegna breytinga á vinnutímakafla og framkvæmd vinnumats sem innleitt var í grunnskólum

**Niðurstöður:**

Kynntar í október

Kjarasamningur grunnskólakennara gildir út nóvember 2017

Kjaraviðræður hófust samkvæmt viðræðuáætlun í október

# Kjaramál – starfsmat - launaþróun

- Starfsmatið vex og batnar
- Verkefnisstofa um starfsmat
- Unnið að starfsmati starfa í BHM
- Starfsmatið leggur mikilvægan grunn undir upptöku á lögbundinni jafnlauna-vottun sem sveitarfélögum eins og öðrum vinnuveitendum er skylt að innleiða á næstu árum



# Grábókin

## Aðgerðaáætlun

1. Börn með fjölþættan vanda
2. Börn með þörf fyrir þjónustu talmeinafræðings
3. Langveik börn
4. Sérfræðiþjónusta í leik-, grunn- og framhaldsskólum
5. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga
6. Innflytjendur og hælisleitendur
7. Öryggisgæsla fyrir fatlaða
8. Notendastýrð persónuleg aðstoð
9. Þjónusta við fatlaða og þá sem eru með geðheilsubrest
10. Lengd viðvera fatlaðra skólabarna
11. Þjónusta við 67 ára og eldri
12. Utangarðsfólk
13. Atvinnuleitendur, enginn bótaréttur
14. Námsmenn - atvinnuleysi
15. Fangar - fjárhagsaðstoð






# Ferðaþjónustan og aðkoma sveitarfélaganna að þeim

- Breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og umferðarlögum sl. vor:
  - Ríkisstofnanir fyrir utan FF og því meira til skiptana fyrir sveitarfélög og einkaaðila
  - Heimild til að leggja á bílastæðagjöld utan þéttbýlis
- Landsáætlun um uppbyggingu innviða á lokametrum
  - Þriggja ára framkvæmdaáætlun og stefna um uppbyggingu til 12 ára
  - Áhersla á vernd friðlýstra náttúru- og menningarminjar en einnig uppbyggingu á öðrum mikilvægum ferðamannastöðum, í umsjá ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila
  - Tækifæri til að vinna að lausn flóknari mála, t.d. þar sem ábyrgð er óljós
- Áfram brýn þörf fyrir stefnumótun og samvinnu stjórnvalda
  - Þótt hægt hafi á vexti ferðaþjónustu er álag áfram að aukast
  - Áhrif AirBnB á húsnæðismarkað sérstakt áhyggjuefni



# Húsnæðismál



- Húsnæðisskortur um allt land
- Markaðsbrestur víða um land
  - Nýbyggingarkostnaður er langt umfram markaðsverð eldra húsnæðis
- Ný lög um húsnæðismál auðvelda byggingu leiguhúsnæðis
  - Stofnframlög ríkis og sveitarfélaga
- Nýting séreignarsparnaðar hjálpar fyrstu kaupendum – en tíma tekur að safna
- Vandaðar húsnæðisáætlanir sveitarfélaga í samvinnu við Íbúðalánasjóð  eru nauðsynlegar til að greina stöðuna – allir verða að taka þátt
- Áfram þarf að leita leiða til að auðvelda fólki að búa í húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem það er leiguhúsnæði eða eigin húsnæði
- Sambandið er ávallt tilbúið að taka þátt í þróun nýrra lausna



Ekkert byggt utan höfuðborgarsvæðis

# Byggðamál og sóknaráætlanir

SÓKNARÁÆTLUN

- Unnið að gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir 2018-2024
- Verkefnishópur ráðuneytis að störfum með fulltrúa sambandsins (KB)
- Stýrihópur um sóknaráætlanir landshluta kemur að málinu
- Áætlunin nær nú til landsins alls
- Stefnt að skilum tillögu að byggðaáætlun fyrir árslok
- Sóknaráætlanir landshluta þarf að efla, auka fjármagn til þeirra og endurspegla þær í byggðaáætlun
- Samráðsvettvangur í héraði mikilvægur
- Ljósleiðaravæðing í fullum gangi – talið eitt mikilvægasta byggðamálið

# Efling sveitarstjórnarstigsins – niðurstaða nefndar

- Marka þarf skýra stefnu um þróun sveitarstjórnarstigsins til 20 ára
- Jöfnunarsjóður þarf að styðja við stefnuna
- Alþingi og ráðuneyti vinni markvisst að styrkingu sveitarstjórnarstigsins
- Þjónusta við alla íbúa þarf að vera góð óháð því hver veitir hana
- Sveitarstjórnarmenn vilja alls ekki þriðja stjórnsýslustigið



# Efling sveitarstjórnarstigsins – niðurstaða nefndar

## Hugmynd um að lögbinda lágmarksíbúafjölda

**250 íb.
árið 2020**

**500 íb.
árið 2022**

**1.000 íb.
árið 2026**

**Starfshópur um stefnumörkun tekur við**

- Gunnar Einarsson, formaður
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
- Steinunn María Sveinsdóttir
- Magnús Karel Hannesson, ráðgjafi

# Endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga




**Sem fyrst komi til framkvæmda skv. tillögu nefndarinnar:**

- Nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum sem nemi vannýttum útsvarstekjum
- Hámark verði sett á framlög úr Jöfnunarsjóði – hámarkið verði 45% af skatttekjum
- Breytingar verði gerðar á útreikningi útgjaldajöfnunarframalaga
  - Svokallaðri hagkvæmnilínu breytt – sveitarfélög með fleiri en 2.400 íbúa fái aukið vægi við útreikning framlaganna
  - Vægi íbúafjölda 6-15 ára og fjölda þéttbýlisstaða innan eins sveitarfélags aukið á kostnað vægis fyrir fjarlægðir
- Stuðningur við sveitarfélög sem hyggjast sameinast verði aukinn
  - Varasjóður vegna landfræðilegra eða fjárhagslega aðstæðna – í þeim tilvikum sem sameining eða samvinna leysir ekki óhagræðið
- Aðlögun í 4 ár að framangreindum breytingum

# Fjárlög ríkisins – Ný lög, nýtt verklag




- **Fjármálastefna lögð fram í upphafi kjörtímabils**
  - Staða og þróun opinberra fjármála
- **Fjármálaáætlun lögð fram að vori til 5 ára**
  - Útfærsla á markmiðum fjármálastefnu og sýnd framlög til málefnasviða
- **Fjárlagafrumvarp lagt fram að hausti**
  - Tekjuáætlun næsta árs og tillögur að útgjaldaheimildum
  - Fylgirit frá ráðuneytum með niðurbroti fjárveitinga á einstaka málaflokka og til verkefna


Fylgirit með frumvarpi til fjárlaga

fyrir árið 2018

Efnisyfirlit

Yfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Inngangur | |
| 1. Tekjuáætlun fjárlaga með framsetningu GFS-staðalsins | 3 |
| 2. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu | 5 |
| 3. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum | 10 |
| 4. Fjárveitingar eftir stofnunum og verkefnum | 53 |
| 5. Forsendur fjárveitinga samkvæmt reiknilíkönum | 107 |
| 6. Yfirlit yfir skuldbundna þjónustu- og styrktarsamninga | 121 |
| | 128 |

# Nýtt verklag gagnvart sveitarstjórnum



- Samtöl við sveitarstjórnarstigið færast framar á árið í tengslum við umfjöllun um fjármálaáætlun á vorþingi
- Þingmenn og sveitarstjórnarmenn nýti kjördæmavikur enn betur en verið hefur fram til þessa
- Fundir með fjárlaganefnd í heild sinni verða aðallega með landshlutasamtökum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Eftir sem áður geta einstök sveitarfélög óskað eftir fundi með fjárlaganefndinni
- Stefnumarkandi umræða um opinber fjármál mun tengjast fjármálaáætlun frekar en fjárlagafrumvarpi
- Í umsögnum landshlutasamtaka komi meiri greining á þörfum og áherslum innan hvers svæðis
- Forgangsröðun og umfjöllun um stærri verkefni sem rædd eru á samráðsvettvangi vegna sóknaráætlana í hverjum landshluta ættu að endurspeglast í umsögnum og beiðnum til fjárlaganefndar

# Sveitarstjórnarkosningar

## KOSNINGAÞÁTTTAKA Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM 1974-2014 (%)

- Kosningaþátttaka lækkaði úr 87,8% árið 1974 í 66,5% 2014 eða um 21,3%
- Hlutur kvenna jókst úr 21,8% árið 1990 í 44,5% 2014
- Endurnýjun sveitarstjórnarmanna var 54,4% árið 2014









Takk fyrir og gangi ykkur vel!